

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

641. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 29. mars 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við Umhverfisstjóra.
2. Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Viðræður við fulltrúa sveitarfélaga af Reykjanesi um framkvæmd reksturs málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra (kl. 10:30).
4. Minnisblað um Bókasafn Lestrarfélags Staðarhrepps.
5. Erindi hafnarvarðar.
6. Erindi Húsnefndar Nestúns 2-6 á Hvammstanga.
7. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
8. Drög að húsaleigusamningi v/ félagsmiðstöðvar. (Verður sent í tölvupósti)
9. Tillaga um breytingu á föstum fundartíma sveitarstjórnar í aprílmánuði.

Afgreiðslur:

1. Umhverfisstjóri Ína Björk Ársælsdóttir og Guðrún Lára Magnúsdóttir fulltrúar í umhverfisnefnd eru mættar á fundinn til viðræðna við byggðarráð um fyrirhugaðan íbúafund um umhverfismál í Húnaþingi vestra. Sótt er um fjárveitingu að upphæð kr 600.000 í verkefnið. Byggðarráð samþykkir beiðnina og vísar til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
2. Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags 22. mars 2010. Í kjölfar undanþágu sem sveitarfélagið fékk í ágúst 2009 um söfnun hauggass samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr738/2003 um urðun úrgangs hefur Sambandið undirbúið rannsóknarverkefni um hauggasmyndun og söfnun þess og óskar eftir því að sveitarfélagið fallist á að verða þátttakandi í og greiði hluta kostnaðar fyrir það. Byggðarráð samþykkir erindið. Kostnaði við verkefnið er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
3. Fulltrúar sveitarfélaga af Reykjanesi eru mættir á fundinn til viðræðna við byggðarráð um framkvæmd og rekstur málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra.
4. Lagt fram minnisblað sveitarstjóra vegna erindis Búnaðarfélags Staðarhrepps og Ungmennafélagsins Dagsbrúnar frá síðasta fundi, þar sem þau fara fram á að fá til eignar og varðveislu bókasafn fyrrum Lestrarfélags Staðarhrepps. Erindi ofangreindra félaga og minnisblaði sveitarstjóra vísað til umsagnar menningar-og tólmstundaráðs.
5. Lagt fram bréf hafnarvarðar dags. 24.mars 2010, þar sem hann fer fram á heimild til að kaupa nýja krókvog fyrir Hvammstangahöfn. Áætlaður kostnaður er kr. 430.000. Erindið samþykkt og kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
6. Lagt fram bréf frá íbúum í Nestúni 2-6, þar sem farið er fram á lagfæringu á dyrabúnaði ofl. Erindinu vísað til tæknideildar.
7. Lagt fram til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 19. mars 2010 um greiðslur framlaga vegna tryggingagjalds árið 2010.
8. Lögð fram drög að húsaleigusamningi við Félagsheimilið á Hvammstanga vegna félagsmiðstöðvar. Samningnum vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
9. Formaður byggðarráðs leggur til að föstum fundartíma sveitarstjórnar í aprílmánuði verði seinkað til miðvikudagsins 14. apríl kl:15:00 og að fundur byggðarráðs sem vera átti 5. apríl verði frestað til 6. apríl n.k. Almennur sveitarfundur verði 26. apríl n.k kl 20:30 í Félagsheimilinu á Hvammstanga. Ofangreindar tillögur samþykktar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:45

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
P. Karl Eggertsson(sign.),

Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).